

Alþingi
Erindi nr. P 143/155
komudagur 6.11.2013



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. nóvember 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, og lögum um almennan frídag 1. maí, nr. 39/1966 (færsla frídaga að helgum), 19. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að frídagar vegna uppstigningardags og sumardagsins fyrsta verði færðir af fimmtudögum á næsta föstudag eftir þann dag sem þá ber upp á. Þá er lagt til að aukafrídagar verði veittir vegna fimm sérstakra frídaga sem falla jafnt á alla daga vikunnar beri þá upp á helgi. Um er að ræða jóladag, annan í jólum, nýársdag, 17. júní og 1. maí. Veita skal aukafrídagana næsta virkan dag á eftir nema frídagur vegna 1. maí sem verði á mánudegi beri daginn upp á helgi.

Samtök atvinnulífsins og forverar þess hafa lengi talað fyrir færslu uppstigningardags og sumardagsins fyrsta upp að nærliggjandi helgum. Tekið er undir með flutningsmanni að þessir stöku frídagar skapa óhagræði og draga úr framleiðni. Þá hefur margoft komið fram að flutningur þessara frídaga nýtur almenns stuðnings. En það virðist erfitt að ná þessari breytingu fram í kjarasamningum. Í því sambandi má minna á að í kjarasamningalotunni árið 1988 náðist samkomulag við nokkur stéttarfélag verkafólks um tilfærslu fimmtudagsfrídaganna á næsta mánudag en málið náði því miður ekki fram að ganga vegna andstöðu sem efnt var til, m.a. af kirkjunnar mönnum og skátahreyingunni. Samningsákvæðið hljóðaði svo: „Samningur þessi miðar við að uppstigningardagur og sumardagurinn fyrsti verði vinnudagar en frídagar komi mánudaginn næsta á eftir. Samningsákvæði þetta öðlast endanlegt gildi þegar a.m.k. þrjú landssambönd innan Alþýðusambands Íslands hafa samþykkt slíka breytingu og nauðsynlegar lagabreytingar hafa náð fram að ganga.“ Þá er heimild til tilfærslu þessara frídaga í ákvæðum kjarasamninga um svonefndan fyrirtækjaþátt, en það hefur ekki verið nýtt svo kunnugt sé.

Samtök atvinnulífsins lýsa hins vegar andstöðu við þá fjölgun frídaga sem lögð er til í frumvarpinu. Fjölgun, eða þess vegna fækkun, sérstakra frídaga er hluti af vinnutímaákvæðum kjarasamninga, og þar með launakostnaði atvinnulífsins, sem eðlilegt er að aðilar vinnumarkaðarins semji um. Sérstakir frídagar sem falla virka daga eru sjö og frídagar sem falla jafnt á virka daga og helgar eru einnig sjö, en þar af eru aðfangadagur og gamlársdagur hálfir frídagar. Að meðaltali teljast sérstakir frídagar vera 11,2107 og nema 4,32% greiddra daga (sem eru 260,8875 að meðaltali og meðalárið 365,2425). Samkvæmt tillögunni er frídögum fjölgað um 1,5 eða í 12,71 þannig að þeir næmu 4,85% greiddra daga. Það felur í sér 0,53% hækkun launakostnaðar þeirra fyrirtækja sem myndu leggja niður starfsemi á þessum dögum með samsvarandi tapi vegna minni framleiðslu eða þjónustu og tvöfalt meiri kostnað hjá þeim fyrirtækjum og stofnunum sem þurfa að halda uppi framleiðslu eða þjónustu alla daga og þyrftu að greiða yfirvinnukaup á þessum dögum.

Í þessu sambandi má benda á að sérstakir frídagar eru óviða fleiri en hér á landi, sbr. meðfylgjandi yfirlit, og sama gildir um orlof sem algennt er að sé á bilinu 27-30 dagar.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson

**Table 1: Average collectively agreed normal annual working time, 2011**

Country	A. Weekly hours	B. Gross annual hours (Ax52)	C. Annual leave (days)	D. Public holidays (days)	E. All leave (C+D) expressed in hours	F. Annual hours (B-E)
Hungary	40	2080	20	7	216	1.864
Romania	40	2080	21	6	216	1.864
Estonia	40	2080	20	8	224	1.856
Poland	40	2080	20	9	232	1.848
Latvia	40	2080	20	10	240	1.840
Lithuania	40	2080	20	10	240	1.840
Slovenia	40	2080	20	10	240	1.840
Bulgaria	40	2080	20	11	248	1.832
Greece	40	2080	23	10	264	1.816
Luxembourg	40	2080	25	8	264	1.816
Malta	40	2080	24	12	288	1.792
Ireland	39	2028	24	8	249,6	1.778
Slovakia	39	2028	20	12	249,6	1.778
Portugal	38,9	2022,8	22	11	256,7	1.766
Austria	38,8	2017,6	25	10	271,6	1.746
Cyprus	38	1976	20	12	243,2	1.733
Belgium	37,6	1955,2	20	10	225,6	1.730
Spain	38,5	2002	22	14	277,2	1.725
Czech Republic	38	1976	25	9	258,4	1.718
Norway	37,5	1950	25	8	247,5	1.703
Netherlands	37,1	1929,2	25	6	230	1.699
UK	37,5	1950	24,7	9	252,8	1.697
Finland	37,5	1950	25	9	255	1.695
Sweden	37,2	1934,4	25	9	253	1.681
Italy	38	1976	28	11	296,4	1.680
Germany	37,7	1960,4	30	10	301,6	1.659
Denmark	37	1924	30	9	288,6	1.635
France	35,6	1851,2	30	8	270,6	1.581
EU27	38,1	1981,2	25,3	8,9	260,9	1.720
EU15	37,6	1955,2	26,7	9,2	269,6	1.686
NMS12	39,7	2064,4	20,8	8,6	233,6	1.831

Source: EIRO national centres